

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr varphænum í uppeldi og varpi, ef þær eru haldnar í búrum.

Svona skalt þú taka sýni:

### Sýnatökuplan fyrir varphænur

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
<b>Uppeldi</b>	Dagsgamli ungar	Uppeldishús	- Kassaklæðing - eða tausýni  = 1 safnsýni per hóp.	Alltaf	
	2 vikum fyrir flutning í varphúsið	Uppeldishús	- 2x150 g saursýni  = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf	
<b>Fullorðnar Varphænur</b>	Á 15 vikna fresti (1. sýnataka á aldrinum 22-26 vikna)	Varphús	- 2x150 g saursýni  = 1 safnsýni úr hverjum hópi	Alltaf, nema þegar MAST tekur sýni	1 sýni árlega úr einum hópi hjá hverjum framleiðanda >1000 fuglar

### Saursýni

Í hópum búrfugla skalt þú taka tvísvar sinnum 150 g af drit, með því að safna drit tvísvar sinnum á 60 stöðum af öllum færriböndum fyrir drit eða af sköfum í húsinu, eftir að hafa sett kerfið í gang til að fjarlægja drit. Ef ekki eru til færribönd skalt þú taka tvísvar sinnum 150g af nýjum saur á tvísvar sinnum 60 mismunandi stöðum undir grindunum.

Síðan hópar rannsóknarstofnan bæði sýnin í eitt safnsýni.

### Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer hænsnahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskini.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

### Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 1168/2006, innleidd með reglugerð nr. 1012/2011, og reglugerð (EB) nr. 2160/2003, innleidd með reglugerð nr. 1011/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011